

Nr. 20-125 S 090 Sigurður VE 15**Skipverji slasast vegna hámerar**

Skipaskr.nr. 2883
IMO 9665815
Útgerð: Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Smíðaður: Tyrklandi, 2014, stál.
Stærð: 3707,31 bt.
Mesta lengd: 81,08 m Skráð lengd: 72,5 m
Breidd: 17,0 m Dýpt: 9,60 m
Vél: Wärtsilä 4.500 kW, 2012.
Fjöldi skipverja: 8



Sigurður©Eyjafréttir

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 26. febrúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 30. nóvember 2020 var Sigurður VE 15 á kolmunnaveiðum með flottroll 95 sjómíllur suður af Færeyjum. Veður: 15-20 m/s og töluverður sjór.

Skipverjar voru nýlega búnir að taka trollið en hámeri hafði komið upp með því og var búin að liggja hreyfingalaus á þilfarinu í nokkra stund. En þegar einn skipverja ætlaði að lyfta undir hana til að velta henni út fyrir kipptist hún til með þeim afleiðingum að vinstri hönd skipverjans rann inn í munnvikið á henni og beit hún hann. Siglt var með slasaða til Fuglafjarðar í Færeyjum.



Myndin sýnir hámeri

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn slasaðist illa á litla fingri;
- skipverjinn ætlaði að lyfta hámerinni upp yfir skutrennukeflið sem var í um 30 cm hæð frá þilfarinu;
- að slasaði taldi að hámerin hefði legið hreyfingalaus á þilfarinu í um fimm mínútur;
- að hámerin var rúmir tveir metrar að lengd.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.